

# Aðalfundur Rauða krossins við Eyjafjörð 2025

haldinn í Viðjulundi 2, Akureyri,

13. mars 2025 klukkan 17:30.

Fundinn sóttu 31 manns.

## 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Þorsteinn K. Björnsson, formaður stjórnar, setti fundinn. Baldvin Valdemarsson var kosinn fundarstjóri og Þorsteinn K. Björnsson ritari. Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins og staðfesti að hann hefði verið löglega boðaður.

## 2. Skýrsla stjórnar um starf deildarinnar á liðnu starfsári.

Sóley Björk Stefánsdóttir verkefnastjóri deildarinnar fór ítarlega yfir starf deildarinnar 2024, sýndi glærur og sagði frá. Árið 2024 voru 379 sjálfboðaliðar í 446 verkeiningum (skýrist af því að hópur sjálfboðaliða er í fleiri en einu verkefni). Í ársskýrslu eru ítarlegri upplýsingar, stefnt er að birtingu ársskýrslunnar á vef Rauða krossins innan tíðar. Starfsmenn Eyjafjarðardeildar voru: Deildarstjóri í fullu starfi. Verkefnastjóri í 85% starfi. Umsjónarmaður húseigna í 50% starfi. Verkefnastjóri í flóttamannamálum í fullu starfi og Verkefnafulltrúi í flóttamannamálum í tímabundnu fullu starfi. Tveir skipta með sér 20% starfi við að stýra Frú Ragnheiði og vinna það í verktöku. Neyðarvarnafulltrúi í 75% starfi á vegum landsskrifstofu er einnig með starfsaðstöðu að hluta til hjá Eyjafjarðardeild.

## 3. Áritaður og skoðaður ársreikningur Eyjafjarðardeildar fyrir árið 2024 var lagður fram til afgreiðslu.

Ingibjörg Elín Halldórsdóttir deildarstjóri Eyjafjarðardeildar, gerði grein fyrir ársreikningi deildarinnar og lagði hann fram til samþykktar. Reikningurinn er staðfestur og undirritaður af stjórn, deildarstjóra, skoðunarmanni og endurskoðanda. Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarhagnaður deildarinnar um 7,1 milljónum króna á árinu. Eigið fé deildarinnar í lok ársins var 161,2 milljónir kr. en var um 154,1 milljónir kr. í byrjun árs. Aðalfundur samþykkti reikninginn samhljóða.

## 4. Rauði krossinn og breytt heimsmynd – Jón Brynjar Birgisson sviðsstjóri aðgerðarsviðs Rauða krossins á Íslandi.

Jón Brynjar Birgisson sviðsstjóri aðgerðarsviðs Rauða krossins á Íslandi fór yfir hlutverk Rauða krossins í breyttri heimsmynd. Um þessar mundir, líkt og oft áður, reynir á hlutverk félagsins víðsvegar um heiminn varðandi neyðaraðstoð enda nýtur félagið trausts nánast alls staðar í heiminum. Jón Brynjar sagði einnig frá verkefninu „Ert þú klár í 3 daga“ sem er verkefni sem snýst um að minna fólk á að vera tilbúið ef hamfarir eða neyðarástand dynur yfir. Í því verkefni er farið yfir gátlista yfir hluti sem gott er að hafa á vísum stað sem allir heimilismeðlimir geta

nálgast í svokölluðum viðlagakassa. Þetta verkefni verður frekar kynnt á neyðarvarnarþingi sem haldið verður í lok mánaðarins. Jón kynnti einnig sjö grunngildi Rauða krossins á Íslandi sem eru mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi, sjálfstæði, alheimshreyfing, eining og sjálfböðin þjónusta.

## 5. Framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár voru lagðar fram til kynningar.

Ingibjörg deildarstjóri, greindi frá helstu verkefnum sem stjórn hefur ákveðið að leggja áherslu á árið 2025. Lagt er upp með að vinna áfram að sömu verkefnum og árið 2024 ásamt því að farið verður af stað með nýtt vinaverkefni á Dalvík. Ingibjörg fór einnig yfir tekjuáætlun fyrir árið 2025, í áætlun er gert ráð fyrir því að tekjurnar verði tæpar 97 milljónir en gjöldin rúmar 109,5 milljónir, því er gert ráð fyrir rúmlega 12 milljóna króna rekstarhalla árið 2025.

## 6. Tillaga stjórnar um að stjórnarfólki í Rauða krossinum við Eyjafjörð verði fækkað úr 9 aðalmönnum í 7 og varamönnum úr 4 í 2. Tillagan er að fullu í samræmi við 1. tl. 20. gr. laga Rauða krossins á Íslandi.

Á stjórnarfundi Eyjafjarðardeildar 14. janúar 2025 var samþykkt að leggja fram tillögu á aðalfundi um breyttan fjölda stjórnarmanna. Með tillögunni er lagt til að deildarstjórnin verði skipuð sjö félögum að formanni meðtöldum og tveimur varamönnum. Kjósa skal helming deildarstjórnar á hverju ári. Formaður er kosinn sérstaklega. Leitast skal við að skipan deildarstjórnarinnar endurspegli fjölbreytileika samfélagsins á starfssvæði deildarinnar svo sem með tilliti til kyns, þjóðernis og búsetu. Aðalfundur samþykkti framlagða tillögu samhljóða.

## 7. Kosning deildarstjórnar og varamanna þeirra.

Tillaga kjörnefndar að stjórn Eyjafjarðardeildar Rauða krossins 2025. Í kjörnefnd sátu: Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, Jónas Þór Karlsson og Sif Jóhannesar Ástudóttir.

### Formaður kosinn til tveggja ára 2025-2027:

Þorsteinn K. Björnsson

### Til tveggja ára 2025–2027 voru kosin:

Kári F. Lárusson

Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir

### Til eins árs var kosinn 2025–2026

Lárus H. Sigurðsson

### **Áfram sitja í stjórninni til 2026 kosin til tveggja ára á aðalfundi 2024:**

Eva Hrund Einarsdóttir  
Kristín Björk Gunnarsdóttir  
Kristjana V. Valgeirsdóttir.

### **Varamenn kosnir til eins árs 2025 - 2026**

Helga Margrét Freysdóttir  
Gunnar Már Gunnarsson.

Aðalfundur samþykkti allar tillögur kjörnefndar í skriflegri og leynilegri kosningu líkt og lög félagsins gera ráð fyrir.

## **8. Kosning skoðunarmanna.**

### **Skoðunarmaður reikninga kosinn til eins árs 2025-2026**

Baldvin Valdimarsson

Aðalfundur samþykkti tillögu kjörnefndar í skriflegri og leynilegri kosningu líkt og lög félagsins gera ráð fyrir.

## **9. Önnur mál.**

Þorsteinn þakkaði Sigríði Stefánsdóttur, Gísla Kort Kristóferssýni, Hilmarí Friðjónssýni, Konráð K. Baldvínssýni, Kristínu H. Schiöth, Jovönu Kotaras og Jóni Baldvini Hannessýni fyrir góð störf sem sjálfboðaliðar en þau hverfa nú úr stjórn deildarinnar. Þorsteinn þakkaði jafnfram Guðlaugu Kristinsdóttur fyrir góð störf sem skoðunarmaður reikninga síðustu 8 ár en hún hverfur nú frá því verkefni.

Baldvin, fundarstjóri, þakkaði fundarmönnum góðan fund og sleit fundi kl. 19:20.